



Starfsáætlun Álfasteins 2014



Hafnarfjörður 3. júlí 2013
Inga Líndal leikskólastjóri

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Hlutverk Álfasteins	5
Stefnukort Álfasteins	6
Skýringar á stefnukorti Álfasteins	7
Verkefnaáætlun	10
Mælikvarðar og viðmið.....	11
Endurmat símenntunaráætlunar skólaárið 2013.....	12
Helstu áherslur og markmið skólaárið 2013-2014.....	13
Símenntuntun	15
Endurmat.....	19
Rýmingaráætlun Álfasteins.....	20
Viðbragðsáætlun ef slys verða á Álfasteini	21
Foreldrasamstarf	22

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla (90/2008) ber leikskólastjóra að gefa árlega út sérstaka starfsáætlun þar sem gerð er grein fyrir starfsemi skólans. Skýrsla þessi inniheldur starfsáætlun leikskólans Álfasteins skólaárið 2013 frá janúar til desember. Þó ber að geta þess að símenntun starfsmanna tekur mið af skólaárinu ágúst til ágúst ár hvert. Starfsáætlunin er hugsuð sem aðgengilegur og skýr leiðarvísir á starfi leikskólans.

Starfsáætlunin hefur að geyma stefnukort sem byggir á meginstefnu leikskólans og skiptist í þjónustu, ferli, mannauð og fjármál. Einnig er að finna mælikvarða og viðmið, verkefnaáætlun, símenntun, slysa, rýmingaráætlun og foreldrasamstarf. Til að ná settum markmiðum aðalnámskrár leikskóla horfir leikskólinn Álfasteinn til Framfararstefnu heimspekingsins John Dewey. Í þeirri stefnu er megináhersla lögð á að kenna börnunum gagnrýna og skapandi hugsun í stað þess að binda hugann við fyrirfram ákveðnar lausnir. Þetta er gert með því að spyrja börnin opinna spurninga og fá þau til að finna eigin lausnir. Álfasteinn hefur frá upphafi lagt áherslu á skipulagða vinnu með einingakubba, þar sem allir námsþættir fléttast inn í þá vinnu. Þar spilar stærðfræði stóran þátt í kubbaleiknum og tiltektinni. Leikskólinn hefur lokið fimm ára forystuskólaverkefni um **Einingakubbar til náms og þroska**. Þess má þó geta að enn hefur ekki náðst að framkvæma hluta af verkefninu en það var að koma á fót útikubbum. Þeir áttu að koma á síðasta ári en þurfum við enn að bíða þolinmóð. Geymsla undir kubbanana er tilbúin og því vonandi ekki langt að bíða eftir að kubbarnir komi í hús. Stefnt er að því að byrja útikubbaverkefni haustið 2013. Um er að ræða lokaða kubba sem eru í sömu stærð og svo kallaðir holir kubbar en einnig verða opnir kassar sem eru þrisvar sinnum stærri en holukubbarnir. Tilgangur með þessum stóru kubbum er m.a. að börnin verði í samvinnu við að færa til kubbanda og byggja úr þeim þar sem þeir eru það stórir og þungir að þau verða að vinna í samvinnu að byggingunum. Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðarbæjar er okkur innan handar við smíði á kubbum og útbjó geymslusvæði. Við hlökkum mikið til að sjá hvernig og hvort leikurinn á eftir að breytast á útisvæði við tilkomu útikubbanna. Ýmislegt af því sem við tókum nýtt inn í verkefnið hefur náð að festa sig í sessi og má þar nefna könnunaraðferðina og könnunarleikinn. En þessar tvær aðferðir stuðla báðar að ákveðinni hvöt til rannsóknarvinnu. Könnunarleikurinn er leið barnsins til að uppgötva hlutin og hverjir möguleikar þeirra geta verið og nýta skynfærin við það að snerta, lykta, sleikja, hlusta og skoða. Þannig eru öll skilningarvit örvuð ásamt gróf- og fínheyringum. Hverju barni gefst tækifæri til að uppgötva efniviðinn og umhverfið á sínum forsendum. Tiltektin er jafnmikilvæg og leikurinn sjálfur. Kennarinn stjórnar með því að biðja börnin um að ná í hlutina og setja í réttan poka og hjálpa þeim að finna

Könnunaraðferðin sem nýtt er með eldri börnunum byggir á að þau leiði vinnuna áfram út frá eigin áhugasviði og er hlutverk kennarans að vera börnunum til aðstoðar, eins og Caroline Pratt lagði svo mikla áherslu á með einingakubbana. Jafnframt hefur þessi leið orðið til þess að foreldrar eru mun meiri þátttakendur í starfinu og meðvitaðri um starf barnsins í leikskólanum þar sem hvert könnunarverkefni endar með sýningu þar sem foreldrum er boðið að skoða ferli verkefnavinnunnar og verkefnið kynnt af börnunum. Teljum við þessa leið í fullu samræmi við hugmyndafræði leikskólans þar sem framfarasinna og heimspekingurinn John Dewey's talar um að kenna barni gagnrýna og skapandi hugsun í gegnum áhugasvið sitt og barnið sé virkur þátttakandi í starfinu. Listsköpun er einnig í hávegum höfð þar sem börnin læra sjálfstæð vinnubrögð og vinna út frá eigin áhugasviði.

Í vetur verður haldið áfram að vinna með stærðfræði en stærðfræði hefur verið unnin markviss í tengslum við flokkur og röðun einingakubba í tiltekt. Í vetur verður vikkaður út hugarheimur barnsins í stærðfræði en áhersla verður þá einnig sett á hvaða form megji sjá í nánasta umhverfi þegar börnin eru í gönguferðum. Einnig verður kynnt fyrir börnunum nýtt leiksefni sem eikur stærðfræðivitund í formi numicom.

Í vetur verður haldið áfram að þróa skipulagða hreyfingu og útikennslu. Börnin læra að fara út í ólíku veðri og fara í vettvangsferðir finna hella, fara í vasaljósiferð og gönguferðir sem eykur úthald barnanna. Að síðustu má nefna að metnaður hefur verið lagður í að bjóða upp á hollt og gott mataræði þar sem stuðst er við viðmið Lýðheilsustöðvar.

Ein af stöðum leikskólans er að skapast hefur ákveðinn stöðugleiki í starfsmannahópnum sem myndað hefur samrýmdan kjarna starfsmanna sem kominn er með langa starfsreynslu og eitt af takmarki leikskólans að hópurinn stækki. Við höfum haft að leiðarljósi að jafna hlutfall kynjanna innan starfsmannahópsins sem og að tillit sé tekið til jafnréttissjónarmiða í allri stefnumótun skólans. Því miður hefur okkur ekki tekist að auka hlut karla í starfsmannahópnum og er það miður. Vonandi sýna karlmenn aukinn áhuga á starfinu.

Að síðustu má nefna að metnaður hefur verið lagður í að bjóða upp á hollt og gott mataræði þar sem stuðst er við viðmið Lýðheilsustöðvar.

Í leikskólanum Álfasteini er nú um 50% fagmenntað starfsfólk sem vinnur við kennslu barnanna. Þetta skólaárið erum við að fá inn nýtt fagfólk sem er áhugasamt að taka þátt í þeirri uppbyggingu og nýbreytni sem forystuskólaverkefnið hafði á starfsmannahópinn og er meiningin að útikubbarnir verði að veruleika þetta skólaárið. Búið er að smíða nokkra og von er á enn fleirum. Starfsfólk er áhugasamt um hvernig þetta nýja leikefni kemur til með að reynast í útileik barnanna og hvort leikurinn eigi eftir að breytast. Kannanir sem gerðar hafa verið á vegum Hafnarfjarðarbæjar hafa sýnt að foreldrar eru almennt ánægðir með starf leikskólans. Til að viðhalda metnaði í starfi er allt starfsfólk hvatt til símenntunar. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar og Kraginn bjóða starfsfólki leikskólanna upp á símenntunarnámskeið sem allt starfsfólk leikskólanna getur nýtt sér. Sex starfsmannafundir eru nú á fjárhagsáætlun þetta skólaárið og eru nýttir í samráð og símenntun. Til viðbótar hafa verið settir á sex skipulagsdagar þetta skólaárið og á hluti af þeim tíma að nýtast í gerð skólanámskrár en eins og flestir vita kom ný aðalnámskrá um leikskóla sem kallar á nýja skólanámskrá. Einnig eru skipulagsdagar nýttir í símenntun og deildafundi. Þar gefst rými fyrir samræður og skoðanaskipti. Teljum við slíkt nauðsynlegt til að viðhalda fagþróun og nýbreytni. Hugmynd er að bjóða upp á vinnuhóp sem tekur saman þær hugmyndir sem skapast af vinnu og umræðum frá skipulagsdögum varðandi skólanámskrá Álfasteins

Hafnarfjörður 1. Júlí 2013.

Leikskólastjóri Álfasteins

Inga Líndal



Hlutverk Álfasteins



Hlutverk leikskólans er að búa börnum lærdómsumhverfi. Umhverfi sem er óháð andlegu og líkamlegu atgervi, með áherslu á gagnrýna og skapandi hugsun.

Einkunnarorð Álfasteins eru:

“Gaman saman,,



Stefnukort Álfasteins



Ferli

Skýr, virk og fagleg starfsáætlun

Gott upplýsingaflæði

Sjálfsmat leikskóla

Skilvirk starfsmannahandbók

Þverfaglegt samstarf

Þjónusta

Ánægðir foreldrar og nemendur

Hollusta

Áhersla á einingakubba

Hvetjandi námsumhverfi

SMT skólafærni

Menntun við hæfi hvers og eins

Mannauður

Markviss símenntun

Ábyrgir, hæfir og ánægðir starfsmenn

Mannauður starfsmanna nýttur

Móttaka og þjálfun nýrra starfsmanna

Starfshvatning

Fjármál

Markviss áætlanagerð

Nýtni

Reglulegt kostnaðareftirlit

Útlistun á stefnukorti Álfasteins

Þjónusta

Menntun við hæfi hvers og ein

- Námskrá og gögn séu sýnileg fyrir foreldra
- Nýta kennsluhætti könnunaraðferðarinnar á eldri deildum og námssvið skólanámskrár samþætt.
- Nýta kennsluhætti könnunarleikskins á yngri deildum
- Börn fái nám við hæfi
- Markviss skráning á námi barnanna

Ánægðir nemendur og foreldrar

- Taka vel á móti barninu þegar það kemur í leikskólann og það kvatt í lok dags.
- Hlúa að sérstöðu hvers og eins.
- Góð samskipti við foreldra.
- Foreldraviðtöl tvisvar sinnum á ári.
- Foreldrar séu hreyknir af skóla barnsins þar sem fagmennska er í fyrirrúmi

Hvetjandi námsumhverfi

- Umhverfi barnanna sé hvetjandi til náms og þroska
- Nýta umhverfið til eflingar á stærðfræðihugtökum og talnaskilningi
- Börnin verði meðvitaðri um nánasta umhverfi sitt.

Áhersla á einingakubba

- Kubbastarf samþætt námssviðum skólanámskrár
- Stuðla að sjálfstæðum og skapandi einstaklingum
- Stærðfræðihugtök og vísindi
- Kenna börnunum gagnrýna og skapandi hugsun.
- Sýrja börnin opinna spurninga

SMT skólafærni

- Efla samskiptafærni barna og barna og fullorðinna.
- Innlögn á reglum í SMT “svona gerum við”
- Hrósm og hvatning nýtt til að fylgja eftir jákvæðri hegðun.

Hollusta

- Hollt og gott mataræði þar sem tekið er mið af áherslum manneldisráðs. Sykri og salti er haldið í lágmarki og reynt að forðast MSG.
- Brauð bakað á staðnum
- Ávextir 2 – 3 á dag
- Markviss hreyfing og útivera

Útlistun á stefnukorti Álfasteins

Ferli

Virk, skýr og fagleg starfsáætlun

- Aðgengileg og skýr áætlun
- Síðbreytileg áætlun sem ávallt er í þróun

Gott upplýsingaflæði

- Virk heimasíða sem uppfærð er lágmark 2x í viku
- Deildafréttir uppfærðar lágmark 1x í viku
- Boðleiðir innan og utan skólans séu skýrar

Þverfaglegt samstarf

- Samskipti starfsfólks byggja á jákvæðni og hjálpssemi.
- Deildir bjóði t.d. á sýningar
- Mannauður nýttur milli deilda
- Starfsmannafundir nýttir til skoðannaskipta um fagmál.
- Samstarf við fagfólk utan skólans.

Skilvirk starfsmannahandbók

- Starfsmannahandbók sé í stöðugri þróun og yfirfarin af öllu starfsfólki haust hvert.
- Starfsmannahandbók sé á hverri deild
- Starfsmannahandbók nýtt á starfsmannafundum og deildarfundum til samræmingar og upprifjunar
- Nýráðnu starfsfólki gefinn tími til að lesa starfsmannahandbók

Fjármál

Markviss áætlanagerð

- Standast fjárhagsáætlun
- Greining frávika í fjárhagsáætlun

Nýtni

- Nýta stjórnendakerfi bæjarins til að fylgjast með fjárhagsstöðu skólans
- Vanda innkaup og nýta það sem til er í leikskólanum eftir bestu getu.

Reglulegt kostnaðareftirlit

- Fylgja greiðsludreifingu eftir

Útlistun á stefnukorti Álfasteins

Mannauður

Markviss símenntun

- Sýnileg símenntunaráætlun
- Öllu starfsfólki gefist tækifæri á símenntun
- Símenntun taki mið af þörfum leikskólans
- Leikskólinn stuðli að fræðsluerindi sem nýtist öllu starfsfólkinu einu sinni á ári

Ábyrgir, hæfir og ánægðir starfsmenn

- Skipulögð starfsmannaviðtöl tvisvar á ári,
- haust og vor
- Samvinna og samheldni í fyrirrúmi
- Sjálfstæð vinnubrögð og skapandi starf
- Spyrja opinna spurninga

Mannauður starfsmanna nýttur

- Virkja hæfileika hvers og eins svo hann fái notið sín í starfi
- Skapa gott starfsumhverfi svo leikskólinn sé eftirsóttur vinnustaður fyrir bæði kynin
- Tillit tekið til fjölskylduaðstæðna eins og kostur er

Móttaka og þjálfun nýrra starfsmanna

- Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn
- Markviss nýliðaþjálfun
- Starfsmannahandbók sé skýr svo starfsfólk viti til hvers er ætlast af þeim
- Samtal við deildastjóra eða annan stjórnanda um túlkun á starfsmannahandsók

Starfshvatning

- Starfsfólk bjóði góðan daginn og kveðji í lok dags
- Skipulagðar uppákomur starfsfólks til að viðhalda menningu skólans og starfsanda
- Skólinn sé lifandi menntasamfélag þar sem mannauðurinn fær notið sín
- Starfsfólk fái hrós og stuðning í starfi

Verkefnaáætlun

			janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept	okt	nóv	des
þjónusta		<i>Foreldrasamtöl</i>												
þjónusta		<i>Kynning á leikskólastarfi/ sýningar Könnunarverkefni</i>												
þjónusta		<i>Foreldrafundur nýrra foreldra</i>												
þjónusta		<i>Viðhorfskönnun foreldra á starfi skólans</i>												
þjónusta		<i>Viðhorfskönnun starfsmanna</i>												
þjónusta		<i>Foreldrakaffi/ Aðventukaffi/Opið hús</i>												
þjónusta		<i>Viðhalda heimasíðu</i>												
þjónusta		<i>Samstarf milli skólástiga</i>												
þjónusta		<i>Heimsókn yngstu bekkir Hvaleyrrarskóla</i>												
þjónusta		<i>Fjölmeningavika</i>												
þjónusta		<i>Íþróttadagur</i>												
þjónusta		<i>Umferðavika og forvarnir</i>												
þjónusta		<i>Bjartir dagar</i>												
þjónusta		<i>Hljómpróf</i>												
þjónusta		<i>Einstaklingsnámskrágerð</i>												
þjónusta		<i>Samstarf við félagspjónustu</i>												
þjónusta		<i>Starfsmannaviðtöl</i>												
þjónusta		<i>Gera starfsáætlun</i>												
þjónusta		<i>Gerð símenntunaráætlun</i>												
Mannauður	Símenntun	<i>Skipulagsdagur</i>												
Mannauður	Símenntun	<i>Brunavarnir / Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins</i>												
Mannauður	Símenntun	<i>Fyrirlestur fyrir nýtt starfsfólk um SMT</i>												
Mannauður	Símenntun	<i>Upprifjun á SMT haust hvert</i>												
Mannauður	Símenntun	<i>Fyrirlestur fyrir nýtt starfsfólk um kubba</i>												
Mannauður	Símenntun	<i>Upprifjun á kubbastarfi ár hvert og stærðfræði</i>												
Mannauður	Símenntun													
Mannauður	Símenntun	<i>Símenntun starfsmanna á Skólaskrift Hfj</i>												
Mannauður	Símenntun	<i>Námsferð á skipulagsdegi</i>												
Mannauður	Símenntun	<i>Endurbætur úti og innandyra</i>												
Mannauður	Símenntun	<i>Endurmat á skólastarfinu</i>												
		<i>Viðhalda starfsanda</i>												
		<i>Viðhalda upplýsingaflæði</i>												

Endurmat símenntunar 2013

Símenntun í leikskólanum Álfasteini skólaárið 2013 gekk ágætlega þó sumum námskeiðum hafi verið aflýst og oft á tíðum erfitt að senda fólk vegna manneklu. Reynt hefur verið að nýta undirbúning kennara til símenntunar í formi námskeiða sem skólaskrifstofan skipuleggur og einnig hefur verið sótt í símenntunarsjóð stéttarfélaga varðandi önnur námskeið. Flest af því sem áætlunin segir til um var framfylgt. Fyrsti skipulagsdagur ársins í janúar var nýttur í fyrirlestur um samskipti og mikilvægi góðs starfsanda á vinnustað. Einnig deildarfundir og skipulag vorannar. Aðrir skipulagsdagur voru nýttur í fyrirlestra um grunnþætti nýrrar aðalnámskrár og unnið úr þeim fyrirlestrum í leikskólanum á eftir. Hvernig við sjáum tiltekna þætti endurspeglast í starfi okkar í leikskólanum. Jafnframt voru tímar nýttir til samráðs og samræmingar um skólastarfið. Maí skipulagsdagur endaði með endurmat á skólastarfi. Unnið var úr punktum og niðurstaða var að börnin eru meira með í að velja hvað er í boði frá degi til dags nú og því meiri þátttakendur í ákvarðanatöku á vali sem dæmi. Einnig tóku börnin þátt í mati á vals væðum hvað er skemmtilegt og hvað ekki. Það mat kom einnig vel út þar sem engin svæði voru leiðinleg hjá öllum börnunum og því metum við svo að vals væðin henti fjölbreytileika barnahópnum sem heild.

Helstu áherslur og markmið símenntunar 2013-2014

Samkvæmt gildandi kjarasamningum starfsfólks í leikskóla ber öllu starfsfólki að sinna símenntun. Símenntun gefur starfsfólki möguleika á að þróa sig í starfi með nýbreytni og aukinni þekkingu, um leið og símenntun gefur launaflokkahækkanir eftir ákveðinn tíma.

Símenntun leikskólans tekur mið af áherslum og hugmyndafræði leikskólans. Jafnframt möguleika á að kynnast nýjum hugmyndum og leiðum í skólastarfi sem gæti auðgað og bætt leikskólastarfið enn frekar.

Sú leið sem hefur reynst leikskólanum gjöfulust er að allt starfsfólk fái fyrirlestur, námskeið eða heimsókn í leikskóla samtímis. Þannig fær starfsmannahópurinn samskonar upplifun og skilning á því sem verið er að kynna og umræður skapast frekar um viðfangsefnið. Því verða skipulagsdagar á árinu 2013 og 2014 nýttir með sama hætti og síðastliðið ár þar sem allt starfsfólkið fær að mestu sameiginlega upplifun af fræðslu og skipulagningu á skólastarfinu. Farið verður í námsferð til Reading í Englandi þar sem starfsfólkið fær tveggja daga námskeið á íslensku í numicom og teljum við að það eigi eftir að nýtast öllum leikskólanum sem viðbót í stærðfræði sem er einn af áherslupáttum leikskólans. Einnig verður byrjað að vinna með numicom og eru fjórir starfsmenn búnir að fara á örnámskeið í þessum fræðum.

Mannauður leikskólans hefur nýst leikskólanum vel undanfarin ár í formi símenntunar. Á tímum sparnaðar og niðurskurðar í samfélaginu verður enn frekar leitað í smiðju starfsmanna og mannaúður þess nýttur í símenntun. Má þar nefna að þar sem margir þroskaþjálfar eru meðal okkar núna verði komið á fundum þar sem þeir geta borið saman bækur sínar og samræmt sig og miðlað þannig af þekkingu og reynslu sinni til samstarfsaðila. Deildarstjórafundir og deildarfundir eru einnig nýttir með svipuðum hætti.

Þó verður ekki hjá því komist að fagfólk sækir námskeið og ráðstefnur sem byggja á sérhæfingu þess. Auk þess verður starfsfólk hvatt til að nýta þá símenntun sem stofnanir fræðslusviða bjóða upp á.

Áframhald á helstu áherslur og markmið símenntunar 2013

Leikskólinn Álfasteinn er einn af SMT skólum Hafnarfjarðar. Markmið er að allir deildastjórar hafi grunnmenntun.

Samráðsfundur með SMT leikskólunum á vegum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar verður með skipulögðum hætti í vetur eins og undanfarin ár. SMT teymi Skólaskrifstofunnar heldur utan um starf leikskólanna og leiðbeinir hverjum skóla eftir þörfum hvers og eins. Stefnt er að því að skólarnir verði sjálfstæðir og dregur þá úr eftirfylgni skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Því miður náðum við ekki að koma útikubbum á útisvæði eins og áformað var og verður því haldið áfram þeirri vinnu. Við fengu fjóra útikubba inn í lautina (salinn) og hefur verið gaman að fylgjast með hvernig kubbaleikurinn í lautinni með holukubbum breyttist við koma þessara stóru kubba. Við erum mjög spennt að fylgjast með hvernig þetta nýja leikefni kemur til með að nýtast börnunum og hvort og hvernig leikurinn á útisvæði kemur til með að breytast. Af reynslunni í lautinni má ætla að samvinna verður meiri meðal barnanna í leik á útisvæði þar sem börnin þurfa hjálp við að færa stóru útikubbana úr stað. Nú er bara að bíða og vona að kubbararnir komist í gagnið haustið 2013, en geymslan er komin og því ekkert í fyrirstöðu fyrir því að hefja smíði á útikubbum.

Þetta árið verður áhersla lögð á gerð skólanámskrár Álfasteins þar sem úrvinnsla úr skipulögðum fyrirlestrum síðasta árs verða fléttaðir inn í áhersluþætti leikskólans úr frá hugmyndafræði Álfasteins þar sem einingakubbar, útikubba og stærðfræði er fléttuð inn í grunnþætti aðalnámskrár leikskóla.

Fagfundir leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og deildastjóra eru á vegum skólaskrifstofu.

Símenntunaráætlun Álfasteins 2013-2014

Símenntunaráætlun leikskólans Álfasteins 2013							
Lýsing á símenntun	Tilgangur	Tímabil/dags.	Tímafjöldi	kostnaður	þátttakendur/ fjöldi	Abyrgð	Hvar
Að vinna skv. skólanámskrá	Að allir starfsmenn verði meðvitaðir, öruggir og faglegir.	2013-2014	Umræða á starfsmanna fundur ½ - 1. klukkustund		Allt starfsfólk.	Inga	Álfasteinn
Starfsmannafundir og deildarfundir	Starfsmannafundir og deildarfundir nýttir til að endurmeta starfið jafnt og þett yfir veturinn	2013-2014	2x6 mánuðir	yfirvinna	Allt starfsfólkið	Inga	Álfasteini
Fyrirlestrar um Einingakubba og Hola kubba fyrir nýtt starfsfólk	Umræða um hvernig leikskólinn vinnur eftir hugmyndafræði Deweys og Pratt og hvað má betur fara.	Skólaárið 2013	3 tímar		Nýtt starfsfólk.	Inga	leiksk. Álfasteini
Röskun á einhverfurófi I, grunnnámskeið"	Fá innsýn inn í skilning á einhverfu mikilvægi íhlutunar á börnum með einhverfu	2013	6 klst	Ekki komin verðskrá	3 starfsmenn.	Magga, Beatrix og Björg Maggý	Gerðubergi á vegum Greiningarstöðvar.

Símenntunaráætlun áframhald Álfasteins 2012-2013

Símenntunaráætlun leikskólans Álfasteins haust 2013 og vor 2014							
Lýsing á símenntun	Tilgangur	Tímabil/dags.	Tímafjöldi	kostnaður	Þátttakendur/ fjöldi	Ábyrgð	Hvar
Samráðsfundir matráða	Að allir starfsmenn verði meðvitaðir, öruggir og faglegir.	2013-2014	1. kl.st. x	0	Matráður	Inga	Skólaskrifstofu
Samráðsfundir sérkennslustjóra	Umræða um áherslur og stuðningur frá öðrum sérkennslustjórum. Kynning á matsaðferður og f.l.	haut og vor 2013-2014	2x6 mánuðir	0	sérkennslustjóri	Magga	Skólaskrifstofa
Samráðsfundir leikskólastjóra	Unnið að fagmálum og nýrri aðalnámskrá	Skólaárið 2013 -2014	2 tímar tvisvar í mánuði	0	leikskólastjóri	Inga	Skólaskrifstofa
Námskeið um atferlisíhlutun barna með einhverfu	Að öðlast faglegan skilning á aðferðinni	Okt 25-26 2013	16 klukkustundir	29500x3	Sérkennslustjóri, þroskaþjálfari,	Inga	Greiningastöðin/ námskeiðið haldið í Gerðubergi

Símenntunaráætlun áframhald Álfasteins 2013-2014

Símenntunaráætlun leikskólans Álfasteins haust 2013 og vor 2014								
Lýsing á símenntun	Tilgangur	Tímabil /dags.	Tímafjöldi	kostnaður	þátttakendur/ fjöldi	Ábyrgð	Hvar	
Skipulagadagur 30.. sept 2013	Kynning á vetrarstarfi leikskólans, Kubbafyrirlestur og SMT	Haust 2013	8 tímar	0	Allt starfsfólk	Inga	Álfasteinn	
Skipulagsdagur 25. Nóvember 2013	Unnið í skólanámskrá og deildarfundir, undirbúningur foreldraviðtala.	Haust 2013	8 klst.	0	Allt starfsfólk	Inga og Magga	Álfasteinn	
Skipulagsdagur 3. janúar	Verður nýttur í maí vegan námsferðar	Vor 2014	8 tímar	0	Allt starfsfólk	Inga og Magga		
Skipulagsdagur 26. febrúar	Umræða og áherslur í nýrri skólanámskrá. Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl.	vor 2014	8 klst.	0	Allt starfsfólk		Álfasteinn	
1-5. Maí 2014	Námsferð til Brighton skoða leikskóla sem vinna með stærðfræði og fyrirlestur um stærðfræði í umhverfi leikskólabarna og numicom kennsla	Vor 2014	2 skipulagsdag ar	Námssstyrkur úr stéttarfélagi og símenntunarsjóði	Allt starfsfólk	Inga	Álfasteinn	
Skipulagsdagur 21. Maí 2012	Skólastarf leikskólans endurskoðað og unnið að nýrri aðalnámskrá.	Vor 2013	8 klst	0	Allir starfsmenn	Inga	Álfasteinn	

Símenntunaráætlun áframhald Álfasteins 2013-2014

Símenntunaráætlun leikskólans Álfasteins haust 2013 og vor 2014							
Lýsing á símenntun	Tilgangur	Tímabil/dags.	Tímafjöldi	kostnaður	þátttakendur/ fjöldi	Ábyrgð	Hvar
Ymis námskeið á vegum skólaskrifstofu og samstarf við Kragann	Kynning á ólíku fagstarfi	2013-2014	breytilegur	0	Allt starfsfólk	Inga og þátttakandi hvers námskeiðs	skólaskrifstofur
Ráðstefna Naeyac	Leikskólastjórar í Hafnarfirði á ráðstefnu	19-24 nóv 2013		Félagasjóði og símenntunarsjóður	Leikskólastjóri	Inga	Washington
Slysavarnir	Námskeið um slysavarnir ber að sinna annað hvert ár	Vor 2014	8 tímar	80.000	Allt starfsfólk	Inga og Magga	Álfasteini
Námskeið í starfsgleði og liðsheild	Fá uppbyggilegan fyrirlesara fyrir starfsfólk um starfsgleði	Vorönn	4klst	Ca 80.000-100,000	Allir starfsmenn	Inga og Magga	Leikskólanum Álfasteini

Endurmat á skólaárinu


Á síðastliðnu ári fór leikskólinn ekki varhluta af kreppunni frekar en aðrar stofnanir bæjarins. Niðurskurðurinn á yfirvinnu og skortur á fjármagni til skólans hefur haft mjög mikil áhrif á allt endurmat þetta skólaárið. Árangursstjórnunin hefur einnig byggt á viðhorfskönnunum. Foreldrakönnun var þetta skólaárið og voru niðurstöður góðar þó alltaf megi gera betur. Allt starfsfólk leikskólans fór í gegn um niðurstöðurnar og unnið verður með þær athugasemdir sem komu um hvað betur mætti fara. Sí og endurmenntun hefur einnig verið skorin niður og ber þess merki í formi færri starfsmannafunda þar sem símat á sér stað innan skólans og almenn samræða starfsmanna hefur verið nýtt í mat á skólastarfi. Jafnframt voru fagfundir lagðir af, en á þeim fundum var einnig unnið að símati á skólastarfinu sem og fagleg samræða. Það má því með sanni segja að öll fagleg samræða hafi minnkað.

Ár hvert er skipulagsdagur í maí nýttur í endurmat á skólastarfi. Allt starfsfólk tók þátt í mati með því að hópnum var skipt niður nokkrum sinnum eftir viðfangsefni hverju sinni og farið yfir skriflega hvað er gott og hvað mætti betur far. Hvernig unnið var með hvern aldur og skipst á hugmyndum fyrir næsta ár. Hópurinn hittist eftir matið og farið yfir niðurstöður hópanna og rætt hvernig bæta megi ólíka þætti. Í Starfið er að mestu í ágætis farvegi. Fram kom að börnin eru mun meira með nú en áður svo þær úrbætur hafa tekist vel frá fyrra ári og í samræmi við nýja aðalnámskrá um mat barna á skólastarfi. Einnig var almenn ánægja með sveigjanlegan morgunmat og nónhressinguna og teljum við okkur vera að koma á móts við þarfir barnanna og leiktími barnanna hefur þannig aukist.


Tveir elstu árgangar leikskólans tóku þátt í mati á valsvæðum leikskólans þar sem við vildum sjá hvaða svæði væru vinsælust að þeirra mati og hvaða svæði þyrfti að bæta. Í ljós kom að ekkert svæði kemur illa út og fjölbreytileiki valsvæðanna og þátttaka barnanna í að velja valsvæðin fyrir valið hefur áhrif á vinsældir valsvæðanna. Má því segja að valið komi á móts við þarfir allra barnanna.

Starfsmannaviðtöl voru tekin við alla starfsmenn sem áhuga höfðu á því. Eitt fyrir áramót og annað stutt á vorönn. Þau viðtöl eru nýtt í símat sem og upplýsingar um sí og endurmenntun.

Rýmingaráætlun Álfasteins



Viðbragðsáætlun ef slys verða á Álfasteini



Áætlun um foreldrasamstarf

